



Nefndasvið Alþingis
nefundasvid@althingi.is

Þingskjal 128 – 126. mál

Selfossi, 18. desember 2014

Efni: Umsögn Félags skógareigenda á Suðurlandi um tillögu til þingsályktunar um nýtingu eyðijarða í ríkiseigu.

Félag skógareigenda á Suðurlandi fagnar því að finna eigi leið til að koma ónýttum / ósetnum jörðum í ríkiseigu í notkun og efla þannig landnýtingu og búsetu á þessum jörðum.

Hin síðari ár hafa orðið þannig breytingar á veðurfari, að nú gefst tækifæri til að líta til fleiri möguleika en hefðbundins landbúnaðar, þegar kemur að nýtingu jarða. Einnig hefur vaxandi áhugi á margskonar ræktun, svo sem skógrækt og þeim möguleikum, sem henni fylgja, opnað tækifæri fyrir eigendur jarða / eyðijarða, til að koma þeim í verð. Þannig hefur fjölbreytni í ræktun og annarri nýtingu jarða, haft góð og spennandi áhrif á atvinnuhætti í sveitum landsins. Stóraukin skjólbeltaræktun gefur möguleika á fjölbreytni, svo sem jólatrjáræktun og berjaræktun, fyrir utan akurræktun trjáa til viðarvinnslu og kornræktar.

Þær atvinnugreinar sem spretta upp, samhliða aukinni skógrækt og þeirri ræktun sem dafnar í skjóli skóga, eru vinnuafsfrekar og gjaldeyrissparandi. Um það þarf ekki að hafa fleiri orð. Einnig þarf varla að minna á stóraukna kolefnisbindingu með meiri og markvissari ræktun.

Lagt er til að fólki verði gefinn kostur á að eignast jarðir sem nú eru í eigu ríkisins, hvort heldur sem er, til hefðbundins landbúnaðar, eða til annarra nytja og renna þannig nýjum og sterkum stoðum undir atvinnuhætti og atvinnulíf í sveitum landsins.

f.h. Félags skógareigenda á Suðurlandi,

María E. Ingvadóttir
formaður